

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 9-10/1990. **Rækjuver hf.**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Bíldudalshreppi

(Atli Gíslason hrl.).

Nauðungaruppboð. Ómerking, Heimvísun. Málflutningur.
Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 9. janúar 1990. Málið er hér sérstaklega tekið til meðferðar um formhlið þess samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að uppboðsbeiðnum stefnda frá 12. febrúar 1988 og 11. maí 1988 verði vísað frá uppboðsrétti, en til vara, að „málunum báðum (nr. 90 og 91/1988 í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu) verði vísað heim til löglegrar meðferðar“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfum áfrýjanda um frávísun og heimvísun verði hafnað. Til vara verði einungis ómerkt meðferð uppboðsmálsins nr. 91/1988 í Barðastrandarsýslu og þá frá 7. júní 1989. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjað er tveimur úrskurðum uppboðshaldara Barðastrandarsýslu frá 18. desember 1989 varðandi tvær beiðnir stefnda um uppboð á rækjuverksmiðju áfrýjanda á Bíldudal, en fram er komið, að áfrýjandi á eina rækjuverksmiðju á staðnum, sem skráð er nr. 9 við Strandgötu í bókum hreppsins, en nr. 11 við sömu götu í þinglýsingarbókum. Með úrskurði uppboðshaldara í uppboðsmáli nr. 91/1988 sameinar hann það máli nr. 90/1988, en fram að því hafði sitt hvort málið verið rekið um beiðnirnar. Úrskurðirnir eru því til endurskoðunar í einu lagi.

Uppboðshaldari var Stefán Skarphéðinsson, sýslumaður Barðastrandarsýslu.

I.

Aðalkrafa áfrýjanda er á því byggð, að hvorug uppboðsbeiðna stefnda hafi verið þannig úr garði gerð að geta orðið grundvöllur að uppboðsmeðferð fyrir uppboðsrétti. Áfrýjandi lét mæta á uppboðsþingi 20. október 1988 og mótmæla framgangi uppboða eftir báðum beiðnunum, en þær voru þá teknar fyrir sín í hvoru máli. Hann skilaði síðan greinargerðum í báðum málunum 8. desember 1988, þar sem þess var krafist, að uppboðið næði ekki fram að ganga. Stefndi skilaði greinargerðum 20. janúar 1989, þar sem hann gerði nánari grein fyrir uppboðsheimildum og sundurliðaði kröfur sínar. Nokkuð skorti á, að uppboðsbeiðnirnar uppfylltu til fullnustu formkröfur 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987, þá er þær voru fyrst fram settar, en eftir að áfrýjandi hafði tekið til varna og stefndi hafði lagt fram greinargerð sína, var uppboðshaldara rétt að fara með beiðnirnar með þeim skýringum, sem þá voru fram komnar. Hann gat þá með hliðsjón af 1. mgr. 13. gr. laga um nauðungaruppboð krafist aðila um frekari skýringar og kveðið síðan upp úrskurði samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis um það, hvort uppboðsbeiðnirnar skyldu hafa framgang eða synjað skyldi uppboða á grundvelli þeirra. Með tilliti til þessa eru nú ekki efni til að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

II.

Málin vegna uppboðsbeiðnanna voru tekin hvort í sínu lagi til aðalflutnings 2. mars 1989, sbr. 112. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 17. gr. laga nr. 54/1988, sem gildir um nauðungaruppboð samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949. Voru þá lögð fram frekari skjöl og tekin skýrsla af sveitarstjóra Bíldudalshrepps í báðum málum. Var að loknum skýrslutökum leitað sátta, málin munnlega flutt og síðan tekin til úrskurðar. Samkvæmt endurritum af þessum þinghöldum er sveitarstjóri Bíldudalshrepps yfirheyrður sem vitni í báðum málunum. Er það í andstöðu við niðurlagsákvæði 115. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sem hér bar að fara eftir, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð. Síðar, þegar byggt er á framburði sveitarstjórans í úrskurði í máli nr. 90/1988, er vitnað til hans sem vitnaframburðar.

Málin eru síðan endurflutt 7. júní 1989, og er þá bókað, að það

sé gert, þar sem ekki hafi tekist að kveða upp úrskurði í þeim innan þriggja vikna frá dómtöku vegna anna dómars. Ekki er getið lagaákvæða, sem heimila þetta, og ákvæði 120. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð, eru ekki uppfyllt, því að engra nýrra skýringa og upplýsinga er leitað.

Næst eru málin til meðferðar 18. desember 1989, og eru þá kveðnir upp úrskurðir í þeim báðum. Úrskurðir þessir eru ekki í hefðbundnu formi. Þess er getið í lok þinghaldanna, að uppkvaðning úrskurðanna hafi dregist vegna anna og aðstöðuleysis uppboðshaldara. Úrskurður í máli nr. 90/1988 var sá, að umbeðið uppboð skyldi ná fram að ganga, en í máli nr. 91/1988, að það skyldi sameinað hinu fyrra. Af forsendum síðari úrskurðarins verður þó að ráða, að ætlunin hafi verið, að uppboð samkvæmt þeirri beiðni skyldi einnig ná fram að ganga.

Eins og að framan er sagt, dróst uppsaga beggja úrskurðanna í meira en sex mánuði frá endurflutningi og meira en níu mánuði frá upphaflegum flutningi. Með þessum drætti á uppsögu úrskurðanna hefur uppboðshaldari brotið fyrirmæli 191. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að fella hina áfrýjuðu úrskurði úr gildi. Þeir hnókrar á málsmeðferðinni í og frá aðalflutningi 2. mars 1989, sem að framan eru raktir, þykja eiga að leiða til þess, að meðferð beggja uppboðsmálanna skuli ómerkt frá og með þeim degi og skylda eigi uppboðsrétt til að taka málin til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurða að nýju.

Þá ber þess að geta, að við auðkenningu beggja málanna í þinghöldum er umboðsmaður stefnda ranglega sagður uppboðsbeiðandi. Það athugast enn fremur, að eðlilegt er að halda meðferð samkvæmt 13. gr. laga um nauðungaruppboð á mótmælum gegn uppboðsbeiðni aðgreindri frá meðferð mótmæla við öðrum uppboðsbeiðnum og einnig sjálfri uppboðsmeðferð eignarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinir áfrýjuðu úrskurðir eru felldir úr gildi.

Meðferð uppboðsbeiðna stefnda, sveitarsjóðs Bíldudals-hrepps, frá 12. febrúar 1988 og 11. maí 1988 á að vera ómerk frá og með 2. mars 1989, og ber uppboðsrétti að taka beiðnirnar upp að nýju til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurða.

Hvor aðili beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.